

Nr. 039 / 12 Fernanda**Strandar við Sandgerði**

IMO.nr. 7806025
Fánaríki Dominica
Smíðaður: Spánn 1981
Stærð: 2576 BT GRT 1124
Mesta lengd: 74,7 m
Breidd: 14,2 m Dýpt: 9,7 m
Vél: Alpha Diesel 1760 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Lögregluskýrsla
Skýrsla skipstjóra
Gögn RNS



Fernanda á strandstað ©LHG

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 5. maí 2012 var frystiskipið Fernanda að koma til hafnar í Sandgerði. Meðaldjúprista um 4 m. Veður: NA 14 m/s, sjávarhæð 2,11 m. Útfall í um 1,5 klst.

Fernanda var að koma frá Þorlákshöfn í kjölfestu en átti að lesta loðdýrafóður í Sandgerði. Um kl. 07:50 fór hafnsögumaður um borð og var skipinu síðan siglt áleiðis til hafnar um innsiglingarennuna. Auk skipstjóra var annar stýrimaður einnig í brúnni og handstýrði.

Þegar um skipslengd var eftir í hafnarmynnið bað hafnsögumaðurinn um að hægja ferð skipsins og skipstjórinn setti vélar í aftur á bak en það tók lítið við sér.

Fernanda strandaði kl. 08:12 á stað 64°02,193N og 022°43,414V. Varðskipið Þór var sent á staðinn en skipið losnaði fyrir eigin vélaraflum um kl. 15:00 og var því siglt að bryggju. Kafað var við skipið og í ljós kom að það var lítið skemmt, aðeins rispur og litlar dældir.



Rauða örin sýnir strandstað Fernanda

Við rannsókn kom fram:

- að hafnsögumaðurinn taldi að skipið hefði verið á 3-4 hnúta ferð þegar það var að nálgast hafnarmynnið og taldi að ferðin hafi verið of mikil. Hann sagði að skip þyrftu nánast að vera stopp þegar beygt væri inn í höfnina og hann hafi brýnt það fyrir skipstjóranum þegar hann kom um borð. Hafnsögumaðurinn var með hafnarkort með sér um borð og kvaðst hafa farið yfir öll atriði varðandi siglinguna m.a. í plotter skipsins. Hann sagði að skipstjórinn hefði gefið í skyn að hann skildi hvað um var að ræða;
- að skipstjórinn taldi hraðann hafa verið 4-5 hnútar en hafnsögumaður taldi hann hafa verið um 3,5 hnútar. Samkvæmt skýrslu skipstjóra taldi hann að skipið hafi ekki svarað bakkinu vegna vinds og smá straums. Fram kom hjá hafnsögumanninum að hann hefði undrast hversu skipið tók lítið við sér þegar reynt var að stöðva ferð þess og taldi hvorki vind né straum hafa haft áhrif á það;
- að hvorki skipstjóri eða stýrimaður höfðu áður komið til hafnar í Sandgerði.

Nefndarálit:

Orsök strandsins eru mistök við siglingu skipsins til hafnarinnar.